

Mánudaginn 22. maí 1989.

Nr. 331/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sverri Guðlaugssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar og upptöku á afla og veiðarfærum.

Hinn 14. júlí 1988 hélt fulltrúi bæjarfógeta sakadóm Seyðisfjarðar-kaupstaðar ásamt einum meðdómanda. Var ákærða þá birt ákæra og honum skipaður verjandi. Vörn var flutt munnlega 25. júlí 1988 og málið dómtekið að því loknu. Í síðargreindu þinghaldi skipuðu dóm sömu dómarar og áður. Þegar dómur var kveðinn upp hinn 26. júlí 1988 skipuðu hins vegar dóm tveir meðdómendur ásamt dómsformanni. Málsmeðferð þessi er andstæð ákvæðum 13. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákærði hefur ekki viðurkennt brot það, sem hann er ákærður fyrir. Eigi kemur fram í gögnum málsins að ákærði hafi tjáð sig um sakarefni eftir að ákæra var gefin út. Er þessi málsmeðferð í andstöðu við ákvæði 121. og 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð máls frá og með þinghaldi 14. júlí 1988 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 14. júlí 1988 eru ómerk. Málinu er vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 26. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. júlí sl., er höfðað með ákæruskjali, dags. 5. júlí 1988, gegn Sverri Guðlaugssyni skipstjóra, Lónabraut 36, Vopnafirði, fæddum 18. júlí 1934 í Reykjavík, fyrir fiskveiðibrot, með því að hafa laust eftir hádegi 4. júlí 1988 sem skipstjóri á togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, skipaskrárnúmer 1629, sem er 178 brúttórúmllestir og 29,49 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands á skyndilokunarsvæði nr. 59 á Breiðdalsgrunni, þar sem bannaðar voru veiðar frá 4. júlí 1988 kl. 1.00 til sama tíma 11. júlí 1988.

Brot ákærða telst varða við auglýsingu Hafrannsóknastofnunar um skyndilokun veiða á fyrrgreindu svæði frá 4. júlí 1988 og 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984, um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þær dómkröfur eru gerðar af hálfu ákæruvaldsins að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, greiði kr. 140.000,00 í sekt til Landhelgisjós Íslands, og komi varðhald tvo mánuði og tíu daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra ásamt dragstrengjum mb. Eyvindar vopna, NS 70, skulu upptæk til Landhelgisjós Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl., kr. 33.000,00.